



Félagsstofnun
Stúdentanna

Starfsáætlun 2015 - 2016

Ungbarnaleikskólinn Leikgarður



www.leikskolinn.is/leikgardur

Frumkvæði, Virkni, Viðsýni, Velferð

Efnisyfirlit

Um starfsáætlanir leikskóla.....	2
Leiðarljós leikskólans.....	3
1. Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta leikskólaári.....	5
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun	6
2.1 Innra mat leikskólans.....	6
2.2 Ytra mat	8
2.3 Matsáætlun.....	8
3. Áherslur í starfi leikskólans.....	9
1. Málþroski, læsi og lesskilningur.....	9
2. Verk-, tækni- og listnám.....	9
3. Lýðræði, jafnrétti, mannréttindi.....	10
4. Fjölmennning.....	10
5. Gæði og fagmennska	10
4. Starfsmannamál.....	12
4.1 Starfsmannahópurinn 1. júní.....	12
4.2 Starfsþróunarsamtöl (skipulag, tímasetning).....	13
4.3 Símenntun frá síðasta ári (námskeið, hvaða hópar sóttu námskeið og fl.).....	14
4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum	15
5. Aðrar upplýsingar.....	17
5.1 Barnahópurinn 1. Júní.....	17
5.2 Foreldrasamvinna	18
5.3 Stefnukort leikskólans.....	20
5.4 Almennar upplýsingar	21
6. Fylgiskjöl.....	21

Um starfsáætlanir leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá fyrir leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun Leikskólasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.


Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Leiðarljós leikskólans:

Leikskólar stúdenta starfa eftir bandarísku HighScope uppeldisstefnunni. HighScope stefnan leggur ríka áherslu á virkt nám. Kraftur virka námsins sprettur af frumkvæði barnsins. Virkni felst í að kanna, spyrja, handfjatla, gera mistök, leysa þrautir og finna viðeigandi markmið í samræmi við aldur og þroska. Með því að upplifa hlutina frá fyrstu hendi og íhuga þá reynslu sem barnið upplifir eftir á, lærir það að bygja upp þekkingu og öðlast þannig skilning á heiminum í kringum það. Kennarar styðja börnin og hvetja í þessum leiðangri. Ýtarlegri upplýsingar um HighScope er að finna á heimasíðu leikskólans <http://www.leikskolinn.is/leikgardur/> og á <http://www.highscope.org>

Einkunnarorð/leiðarljós/gildi leikskóla stúdenta eru frumkvæði, virkni, viðsýni og velferð. Metnaðarfullt, virkt nám á fyrsta skólastiginu með leikgleði, frumkvæði og þjónustu í fyrirrúmi.


Frumkvæði stendur fyrir frelsi og nýsköpun í öguðum vinnubrögðum.



Virkni stendur fyrir að virkja einstaklinginn í þekkingaröflun.



Viðsýni stendur fyrir að taka hverri áskorun með opnum huga.



Velferð stendur fyrir að sýna hvert öðru jákvæðni og heilindi



1. Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta leikskólaári

Við fáum oft að heyra að það sé góður andi í húsinu, foreldrum líði vel þegar þeir koma til okkar með litlu krílin sín, eru mjög ánægð hversu vel er staðið að starfsmannamálum og þann metnað sem við leggjum í starfið. Við sem hér störfum gerum okkur grein fyrir því að góður andi er ekki sjálfgefinn og sannarlega ekki sjálfstæður. Það erum við sem hér störfum, sem sköpum starfsandann og það er okkar að viðhalda honum. Við hér á Leikgarði leggjum áherslu á jákvæðni í starfi og að kærleikurinn og umburðalyndi ráði ferðinni. Góður starfsandi ánægja og góðan líðan starfsmanna skipta miklu máli því ánægðir og góð líðan starfsmanna skilar sér til barnanna og foreldra. Frábær mannauður og mikill samheldni er lykill að góðum leikskóla og það er það sem skiptir höfuðmáli í faglegru starfssemi leikskólans og skapar í raun fagmennskuna.

Barnahópurinn endurnýjast á hverju ári og því er aðlögun stór hluti af okkar starfi. Leikskólinn er samfélag þar sem fullorðnir og börn byggja upp þekkingu saman og staður námstækifæra. Þetta er þriðja árið okkar þar sem við störfum eftir hugmyndafræði þátttökuaðlögunar. Þátttökuaðlögun byggir m.a. á þeirri trú að foreldrar yfirfæri eigin öryggiskenns og forvitni í þessum nýju aðstæðum á börnin sín. Með því að foreldrar séu þátttakendur frá fyrsta degi öðlast þeir öryggi um dagskipulagið og það nám sem fram fer í leikskólanum. Þannig fá þeir góða innsýn í starfið og kynnast kennurum, börnum og öðrum foreldrum í leikskólanum. Hugmyndafræðin á bak við þetta nýja ferli aðlögunar er **öruggir foreldrar = örugg börn**.

Við hér á Leikgarði höldum áfram að leggja áherslu á að efla kennara í að vinna eftir HighScope stefnunni í öllum þáttum dagskipulagsins, að eiga opin og jákvæð samskipti við foreldra barnanna og að gagnkvæmt upplýsingastreymi sé gott. Helstu áherslurnar í haust hafa verið á starfsmannahópin, að þetta hann og styrkja og það var meðal annars gert með nýliðafræðslu, sem var námskeið sniðið að þeim sem eru að hefja störf á leikskólum FS. Það var í höndum þróunarstjóra HighScope sem hefur verið okkur innan handar í allt haust og við höfum unnið að því að bæta umhverfið og efnivið leikskólans.

Allir leikskólastjórar FS sem og leikskólafulltrúi fóru á vikunámskeið í HighScope í haust.

Ný skólanámskrá verður tilbúin í vetur en það viðfangsefni var unnið í samráði við þróunarstjóra HighScope og leikskólanum Sólgarði, enda erum við að vinna eftir sömu uppeldisstefnu, sama aldur og sama rekstraraðila.

Hvað þetta skólaár varðar þá horfi ég með björtum augum fram á veginn með starfsmannahóp sem er samheldinn og samstíga í að starfrækja skólastarf í þróun, ásamt því að skapa umhyggjusamt skólasamfélag þar sem líðan allra sem þar starfa er í brennidepli

2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun¹

2.1 Innra mat leikskólans

Leikskólinn Leikgarður vinnur eftir bandarísku uppeldisstefnunni HighScope eins og getið er hér í upphafi og notast er við matslista gefna út af HighScope Educational Research Foundation. Við mat leikskólans var stuðst við PQA Infant-Toddler Program Quality Assessment matslistann en hann tekur til fjögurra þátta sem eru námsumhverfi, dagkipulag, samskipti barna og kennara og skipulag og mat.

Einnig var gerð viðhorfskönnunn meðal starfsfólks Leikskólans Leikgarðs í nóvember 2014. Niðurstöður ásamt spurningalista í heild má sjá hér að neðan.

Hvaða þættir leikskólastarfsins voru metnir?

Einn þáttur var metin samkvæmt samkvæmt PQA Infant-Toddler Program Quality Assessment matslistanum en það var dagskipulag leikskólans.

- **Hvenær / hve oft (skipulag matsins)?**

Metið var aðeins einu sinni yfir skólaárið.

- **Matsaðferðir leikskólans / matsgögn sem nýtt voru við matið. Öll matsgögn, s.s. heimagerð matsgögn fylgi sem fylgiskjöl.**

Við matsaðferðir leikskólans Leikgarðs var stuðst við PQA Infant-Toddler Program Quality Assessment matslistann en hann tekur til fjögurra þátta eins og getið er hér að ofan.

- **Hverjir tóku þátt í matinu (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)?**

Allir starfsmenn leikskólans tóku þátt í matinu.

- **Helstu niðurstöður innra mats (styrkleikar og veikleikar).**

Helstu niðurstöður innra matsins voru viðunandi. Allar deildirnar voru að koma nokkuð eins út.

- **Umbætur út frá niðurstöðum innra mats.**

Starfsfólkið er að fara eftir ákveðnu dagsskipulagi sem er nánast eins á öllum deildum. Það sem betur má fara er að gera dagskipulagið sýnilegra og leggja meiri áherslu á að skoða dagskipulagið út frá öllum hliðum. Á skólaárinu ætlum við að leggja áherslu á að efla okkur enn frekar í HighScope í öllu daglegu starfi. Áhersla verður lögð á að kenna og styðja við starfsfólkið í fræðunum og að dagskipulagið verði í brennidepli.

Mælt er með að greint sé frá hverjum matsþætti fyrir sig t.d. með eftirfarandi hætti:

1. Hvað var metið t.d. hópastarf, annað?

Sá námsþáttur sem metin var á skólaárinu var dagskipulag.

- **Hvenær/hve oft?**

Metið var aðeins einu sinni.

- **Hvernig var það metið – hvaða matsgögn?**

PQA Infant-Toddler Program Quality Assessment matslistinn.

¹ Bent er á að nýta má fylgirit/skema um umbótaáætlun til að setja inn umbætur á grunni innra og ytra mats

- **Hverjir tóku þátt í matinu?**

Allir starfsmenn leikskólans tóku þátt í matinu.

- **Helstu niðurstöður matsins?**

Það sem betur má fara er að gera dagskipulagið sýnilegra og leggja meiri áherslu á að skoða dagskipulagið út frá öllum hliðum.

- **Umbætur út frá niðurstöðum matsins?**

Allir starfsdagar sem unnir verða á skólaárinu 2015 -2016 verða helgaðir dagskipulaginu.

- **Viðhorfskönnun leikgarðs**

Viðhorfskönnun var gerð meðal starfsmanna 1. nóvember 2014. Sjá má spurningalistann í heild í töflu hér að neðan. Allir starfsmenn leikskólans sem svöruðu könnuninni (alls 19) voru ánægðir í vinnunni, allir samstarfsmenn sögðu starfsmenn sýna sér vingjarnlegt viðmót, sama hlutfall segir sig fá stuðningi frá yfirmönnum þegar við á. Allir starfsmenn mæla með vinnustaðnum og allir starfsmenn segja að vinnustaðurinn sé laus við einelti.

Spurning	Já	Nei
Ertu ánægð/ur í vinnunni ?		
Geturðu nýtt þekkingu þína og hæfni í núverandi starfi ?		
Veistu fyrirfram hvenær þú þarft að vinna yfirvinnu ?		
Sýna samstarfsmenn þér almennt vingjarnlegt viðmót ?		
Kemstu frá vinnunni þegar þér hentar (t.d. á wc) ?		
Sýna starfsmenn umburðalyndi, hverjir gagnvart öðrum á vinnustað ?		
Færðu stuðning frá yfirmönnum þegar við á ?		
Er vinnustaðurinn laus við hótanir og ofbeldi ?		
Veistu nákvæmlega til hvers er ætlast af þér í vinnunni ?		
Er upplýsingaflæði í lagi á vinnustaðnum ?		
Er komið fram við alla starfsmenn á vinnustaðnum á svipaðan hátt ?		
Er vinnutími þinn hæfilega langur ?		
Er borin virðing fyrir þér sem starfsmanni		
Tekst þér að ljúka verkefnum þínum á tilsettum tíma ?		
Hefurðu færi á að spjalla og fylgst með því sem fram fer í kringum þig ?		
Er vinnustaðurinn laus við samskiptavandamál ?		
Er vinnustaðurinn laus við einelti ?		
Ertu tiltölulega óþreytt/ur eftir vinnudaginn ?		
Færðu stuðning frá samstarfsfólki þegar við á ?		
Myndir þú mæla með vinnustaðnum ?		

2. Hvað var matið

2.2 Ytra mat

Var gert mat á leikskólastarfinu á vegum SFS, menntamálaráðuneytis eða annarra aðila á síðasta ári? Ef svo er, látið eftirfarandi koma fram:

- **Hver gerði matið?**

skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar

- **Hver var tilgangurinn?**

Tilgangur könnunarinnar var að skoða skoða viðhorf foreldra til leikskólans, líðan og stuðning við barnið, upplýsingaflæði og stjórnun

- **Matsaðferð.**

Könnunin var rafræn og send á netföng foreldra. Allir foreldrar sem áttu barn skráð í við leikskólann 1. apríl 2015 fengu senda beiðni um þátttöku

- **Helstu niðurstöður.**

Helstu niðurstöður voru að við vorum að koma 100% út þar sem foreldrar svöruðu að barninu þeirra líður vel í leikskólanum. 91% þar sem starfsfólkið þekkir þarfir barnsins. 88% um að foreldrar voru að fá góðar upplýsingar um hvað er á döfinni í leikskólanum. 85% að foreldrar þekki stefnu og gildi leikskólans og 97% að stjórnendur leggji sig fram við að vera sýnilegir í daglegu starfi leikskólans.

2.3 Matsáætlun

- **Hvaða þætti leikskólastarfsins er áætlað að meta (matsáætlun)?**

Dagskipulag

- **Hvenær / hve oft verður matið (skipulag matsins/matsáætlun)?**

Dagskipulagið verður matið í lok október 2015 og aftur að vori 2016.

- **Hvaða matsaðferðir / matsgögn er áætlað að nýta (matsáætlun).**

Matíð verður samkvæmt PQA Infant-Toddler Program Quality Assessment matslistanum.

- **Hverjir munu taka þátt í matinu (matsáætlun)?**

Allir starfsmenn munu taka þátt í matinu og mun Íris Dögg Jóhannesdóttir þróunarstjóri Leikskóla FS sjá um matið.

3. Áherslur í starfi leikskólans

3.1 Í starfsáætlun skóla- og frístundsviðs 2015 er lögð áhersla á fimm umbótaþættir og sett markmið fyrir þá. Í þessum kafla skal gerð grein fyrir hvernig leikskólinn hyggst vinna að þessum markmiðum sem lúta að starfsemi leikskóla.

1. Málproski, læsi og lesskilningur

Markmið:

- ✓ Að stefna að því með markvissum aðgerðum að öll börn í grunnskólum geti lesið sér til gangs.
- ✓ Að skapa samfellu í málproska og móðumálsnámi meðal annars með því að fjölga samstarfsverkefnum í leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi.
- ✓ Að börn og unglingar verði gagnrýnir notendur fjölmiðla, s.s. samfélagsmiðla, og meðvituð um mótunaráhrif þeirra og vald.
- ✓ Að í öllu skóla- og frístundastarfi sé áhersla á læsi í víðum skilningi t.d. umhverfislæsi og fjármálalæsi.

➤ Okkar leiðir að markmiðum.

Að auka bókakost leikskólans eins og hægt er. Merkja öll svæði, hillur og hirslur undir efnivið. Hengja upp myndir af börnunum og nánasta nágrenni okkar. Einnig að efla kennara í að nota lýsandi tungumál.

➤ Hver er ábyrgur.

Leikskólastjóri, kennarar leikskólans og þróunarstjóri HighScope.

➤ Hvernig og hvenær verða markmið metin.

PQA matslistinn og markmið metin að vori.

2. Verk-, tækni- og listnám

Markmið:

- ✓ Að skapandi starf sé grundvallarþáttur í námi og þroska barna og ungmenna þar sem stuðst er við fjölbreytta kennsluhætti og vinnubrögð.
- ✓ Að jafna tækifæri barna til verk-, tækni- og listnáms í hverfum borgarinnar.
- ✓ Að börn og unglingar fái fleiri tækifæri til óformlegs list-, tækni- og verknáms í frístundastarfi.
- ✓ Að upplýsingatækni sé nýtt til að efla hæfni barna og ungmenna til að vinna úr upplýsingum og takast á við fjölbreytt og skapandi viðfangsefni.

➤ Okkar leiðir að markmiðum.

Að sjá börnunum fyrir fjölbreyttum efnivið sem höfðar til allra skynfæranna.

➤ Hver er ábyrgur.

Leikskólastjóri, kennarar leikskólans og þróunarstjóri HighScope.

➤ Hvernig og hvenær verða markmið metin.

PQA matslistinn og markmið metin að vori.

3. Lýðræði, jafnrétti, mannréttindi

Markmið:

- ✓ Að börn og ungmenni séu með sterka sjálfmynd og meðvituð um almenn mannréttindi, jafnrétti kynja og staðalmyndir.
- ✓ Að borin sé virðing fyrir réttindum og hæfileikum allra barna og ungmenna.
- ✓ Að börn og ungmenni séu virkir þátttakendur í ákvörðunum um eigið nám og starf.
- ✓ Að lýðræðislegt gildismat mótist í öllu námi og starfi og að börn og ungmenni læri til lýðræðis í gegnum lýðræðisleg vinnubrögð.

➤ Okkar leiðir að markmiðum.

Að mæta hverju og einu barni þar sem það er statt og virða áhuga og styrkleika hvers og eins.

➤ Hver er ábyrgur.

Leikskólastjóri, kennarar leikskólans og þróunarstjóri HighScope.

➤ Hvernig og hvenær verður markmið metið.

PQA matslistinn og markmið metin að vori.

4. Fjölmening

Markmið:

- ✓ Að með fjölbreyttum náms- og starfsháttum sé komið til móts við þarfir allra barna og ungmenna
- ✓ Að lögð sé áhersla á gagnvirk samskipti og tækifæri barna af erlendum uppruna til að standa jafnfætis öðrum, með virðingu að leiðarljósi.
- ✓ Að öll börn nái árangri í íslensku og að börn með annað móðurmál öðlist færni til að viðhalda og efla móðurmál sitt um leið og þau ná árangri í íslensku.
- ✓ Að starfsfólk eigi frumkvæði að samstarfi við foreldra og leiti leiða til að koma í veg fyrir að ólík sýn, menning og reynsla verði hindrun í samstarfi.

➤ Okkar leiðir að markmiðum.

Öll börn, burt séð frá uppruna þeirra, eiga að fá jöfn tækifæri til náms. Alltaf þarf að taka mið af þörfum hvers barns og miða nám þess við það. Það er mikilvægt að börn af erlendum uppruna aðlagist barnahópnum og njóti eðlilegra félagslegra tengsla. Því er unnið í litlum hópum t.a.m í hópastarfi svo hvert barn fái að njóta sín.

➤ Hver er ábyrgur.

Leikskólastjóri, deildarstjórar og kennarar leikskólans.

➤ Hvernig og hvenær verður markmið metið.

PQA matslistinn og markmið metin að vori.

5. Gæði og fagmennska

Markmið:

- ✓ Að hver starfsstaður hafi skýra sýn og hafi sett sér stefnu og markmið til lengri tíma.
- ✓ Að markmið og leiðir starfsstaða byggi á stefnu, markmiðum og umbótaþáttum SFS og séu tilgreind í starfsáætlunum þeirra.
- ✓ Að símenntun starfsfólks taki mið af umbótaþáttum starfsáætlunar.
- ✓ Að mat og endurgjöf séu fastir liðir í starfi stjórnenda.
- ✓ Að starfsstaðir vinni að þróunarstarfi og virkri nýbreytni í starfsháttum.

➤ **Okkar leiðir að markmiðum.**

Leikskólar FS hafa unnið eftir HighScope stefnunni í tæp sjö ár. Stefn er að innleiðingu stefnunnar að fullri alvöru á Leikgarði seinnipart haustmánaða. Allir nýliðar fara á byrjendanámskeið í HighScope og allir starfsdagar í ár eru tileinkaðir HighScope fræðslu- og HighScope námskeið

➤ **Hver er ábyrgur.**

Íris Dögg Jóhannesdóttir þróunarstjóri HighScope er ábyrg fyrir fræðslunni ásamt leikskólastjóra.

➤ **Hvernig og hvenær verður markmið metið.**

Áætlað endurmat í lok maí eða á haustmánuðum 2016.

4. Starfsmannamál

Á skólaárinu 2015 – 2016 starfa 22 starfsmenn í mismunandi stöðugildum við leikskólann. Leikskólafulltrúi hjá félagsstofnun stúdenta er Sigríður Stephensen sigridur@fs.is

4.1 Starfsmannahópurinn 1. júní

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Leikskólastjóri	1	1 stöðugildi	Leik- og grunnskólakennari, Magister Educationis M.Ed meistaraáráða í stjórnun menntastofnana
Leikskólakennarar	3	2.33 stöðugildi	Leikskólakennarar með leyfisbréf þar af einn leikskólakennari einnig Highscope kennari
Aðrir uppeldismenntaðir starfsmenn	2	1,94 stöðugildi	Leikskólaliðar
Starfsmenn með háskólapróf án uppeldismenntunar	6	6 stöðugildi	Einn með kennsluréttindi/tónlistakennari, ein með B.A í íslensku, tveir með MA í lögfræði, ein með BS í líffræði og ein með BSc í sálfræði
Starfsmenn með menntun á framhaldsskólastigi (stúdendspróf og iðnmenntun)	6	5,97 stöðugildi	Fjórir með stúdentspróf. Einn tanntæknir og einn félagsliði
Starfsmenn án framhaldskólamenntunar	3	3 stöðugildi	Grunnskólapróf
Matráður	1	1 stöðugildi	Með diplómma í kvikmyndagerð

4.2 Starfsþróunarsamtöl (skipulag, tímasetning)

Starfsþróunarsamtöl eru áætluð í febrúar 2016. Í þeim er farið í starfsþróun, hvað má gera til að bæta starfið og hvað þarf að leggja áherslu á. Hver starfsmaður er boðaður með viku fyrirvara og er reiknað með klukkutíma í hvert starfsþróunarsamtal. Hver starfsmaður fær undirbúningsblað til að undirbúa sig. Leikskólastjóri tekur viðtölin. Í starfsþróunarviðtali kemur m.a. fram

- Hvernig líður þér í vinnunni.
- Hvað ert þú ánægð(ur) óánægð(ur) með í starfinu? Hvað er hægt að gera betur?
- Hvernig er starfsandinn í vinnunni? ríkir starfsgleði, samvinna, tillitsemi og virðing? Hvernig er starfsandi meðal starfsmanna og stjórnenda? er hægt að bæta þarna um ?
- Ert þú ánægð(ur) með verkefnum sem þér eru falin?
- Eru einhver verkefni sem þú gjarnan vilt taka að þér?
- Hvernig er upplýsingaflæði innan deildar?
- Er þér ljóst hvaða væntingar og kröfur eru gerðar til þín í starfi?
- Eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri?

Starfsþróunarviðtöl eru trúnaðarsamtal milli stjórnenda og starfsmanna. Markmiðið með starfsþróunarsamtölunum er:

- Að starfsfólk fái tækifæri til að tala í trúnaði um vinnustaðinn og starfsumhverfið.
- Að greina áhugasvið viðkomandi, sterkar og veikar hliðar og reyna að bregðast við þeim.
- Að kanna hvert hugur starfsmannsins stefnir í starfi.
- Að afla upplýsingar vegna áætlana um símenntun

Ljóst er að þessum markmiðum verður ekki náð með einu samtali. Þess vegna er nauðsynlegt að ákvarðanir séu teknar, samkomulag gert og eftirfylgni tryggð til þess að raunverulegar breytingar eigi sér stað. Áætlað er að styttri samtöl verði í júní 2016 við alla starfsmenn. Í þeim viðtölum verður farið yfir það sem brennur á t.d. líðan og hvort að markmiðum sé fylgt eftir.

4.3 Símenntun frá síðasta ári (námskeið, hvaða hópar sóttu námskeið og fl.)

Starfsfólks Leikgarðs sótti sér ýmsa fræðslu á starfsárinu eins og sjá má á töflunni hér að neðan.

Mánuður	Námskeið
September 2014	Leikskólastjóri - Hvatning og starfsánægja – áhrif stjórnenda hjá Endurmenntun HÍ í september 2014. Fjallað var um áhrif gilda og menningar á starfsandann. Komið var inn á þá þætti sem stuðla að bættum starfsanda og það viðhorf sem er eftirsóknarvert
Október 2014	Allir starfsmenn leikskólans fóru á skyndihjálparnámskeið sem Herdís Storarð Sérfræðingur í slysavörnum barna sá um – námskeiðið er sérsniðið fyrir starfsfólk leikskóla
26 og 27 febrúar 2015	Matráður fór á brauðgerðarnámskeið hjá Matís
27 febrúar 2015	Leikskólastjóri á námskeið hjá Endurmenntun HÍ – vönduð íslenska – tölvupóstar og stuttir textar. Á námskeiðinu var fjallað um formlega texta: Markmið og einkenni. Stíl sem hæfir efni og ýmis álitamál sem upp koma. Rétt mál og rangt, gott mál og vont. Tölvupóst, innri vefi, heimasíður og fréttabréf.
5 mars 2015	Leikskólastjóri - Frammistöðusamtöl – starfsmannasamtöl. Frammistöðustjórnun er áhrifarík aðferð til að hvetja starfsmenn áfram og auka skilvirkni fyrirtækisins. Ef rétt er staðið að frammistöðustjórnun og frammistöðumati hjálpa þessi töl starfsmönnum að ná sínum markmiðum og ná fram því besta í störfum sínum. Á námskeiðinu var farið yfir hvernig best er að undirbúa frammistöðusamtal, hvaða þætti er nauðsynlegt að hafa í huga við allt ferlið, framkvæmd sjálfs samtalsins og eftirfylgni.
Janúar 2015	Leikskólastjóri og einn deildarstjóri á fyrirlestur um <i>Deildarstjórinn í leikskólanum</i> : Leiðir faglegt starf og slekkur elda! Fjallað um hlutverk deildarstjóra í fræðilegu ljósi.

4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum

- **Símenntunaráætlun leikskólans (áherslur í fræðslu út frá umbótaáætlun, áherslum leikskólans og starfsþróunarsamtölum) .**
- **Önnur fræðsla (t.d. námsferðir, ráðstefnur, málþing).**

Skólinn hefur miklar væntingar til símenntunnar kennara og starfsfólks og hvetur alla til að nýta sér starfsmannasjóði sína eins og kostur er og sækja þau námskeið sem gagnast þeim í starfi. Öll símenntun er af hinu góða bæði fyrir þá sem sækja námskeið og einnig fyrir framþróun í skólastarfinu. Á sérstöku skráningarblaði er haldið utan um endurmenntun hvers starfsmanns.

Skipulagsdagar eru sex á skólaárinu. Þessir dagar verða m.a nýttir í að skipuleggja skólastarfið og vinna að faglegri stefnu leikskólans. Sameiginlegir námskeiðsdagar fyrir alla leikskóla FS eru 30. og 31. Október 2015.

Hér að neðan má sjá helstu áherslur/verkefni, símenntun leikskólans meðfram öðrum verkefnum leikskólans sem sett voru fram á síðasta skólaári

Efni	Efni	Ág	Sep	Okt	Nóv	Des	Jan	Feb	Mar	Apr	Maí	Jún
Þjónusta	Foreldrasamtöl							*	*			
Þjónusta	Foreldrafundur/kynning			*								
Þjónusta	Foreldrakaffi/aðventukaffi					*						
Þjónusta	Viðhalda heimasíðu leikskólans	*	*	*	*	*	*	*	*	*	*	*
Þjónusta	Gera starfsáætlun	*	*									
Mannauður	Efla kennara í Highscope í öllum þáttum daglegs starfs	*	*	*	*	*	*	*	*	*	*	*
Mannauður	Viðhalda starfsandan	*	*	*	*	*	*	*	*	*	*	*
Mannauður	Starfsmannasamtöl							*				
Mannauður	Skyndihjálparnámskeið			*								
Mannauður	Skipulagsdagar		*	*			*	*		*	*	
Mannauður	Viðhalda upplýsingaflæði	*	*	*	*	*	*	*	*	*	*	*

5. Aðrar upplýsingar

Að vanda erum við með glæsilegan barnahóp, fullan af orku og athafnagleði, sem taka öllu með opnum hug og forvitni. Hér að neðan má sjá fjölda barna við leikskólann, kynjahlutfall, dvalarstundir og fjölda barna af erlendum uppruna

5.1 Barnahópurinn 1. Júní

- **Fjöldi barna í leikskólanum.**

Fjöldi barna við leikskólann eru 63 börn.

- **Kynjahlutfall.**

Þann 1 júní voru 29 stúlkur og 34 drengir.

- **Dvalarstundir.**

Dvalarstundir/dvalargildi við leikskólann eru 1008.


- **Fjöldi barna sem nutu stuðnings.**

Eins og staðan er í dag er ekkert barn sem nýtur stuðning.

- **Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku.**

Fjöldi barna af erlendum uppruna eru 6. Þar af eru 5 börn sem annað foreldri er erlent.

Hér má sjá ýmsar lykiltölur úr skólstarfinu 1. Júní 2015.



Stúlkur í námi: 29

Drengir í námi: 34

Árgangur 2014

Stúlkur í námi: 10

Drengir í námi: 12

Samtals í árgangi 22

Árgangur 2013

Stúlkur í námi: 19

Drengir í námi: 22

Samtals í árgangi 41

5.2 Foreldrasamvinna

Samkvæmt lögum er leikskólinn fyrsta skólastig barnsins. Foreldrar bera meginábyrgð á uppeldi barna sinna en leikskólanám er viðbót við það en á engan hátt ætlað að koma í stað þess. Dagleg samskipti og gott upplýsingastreymi eru mjög mikilvægir þættir til að stuðla að góðu samstarfi. Starfsfólk og foreldrar hafa sameiginleg markmið sem er vellíðan, þroski og nám barnsins. Heimasíða leikskólans er vel nýtt til að miðla upplýsingum og fréttum af starfinu, einnig eru tölvupóstar sendir til að miðla upplýsingum og tilkynningartafla er við deildirnar þar sem upplýsingum er komið á framfæri til foreldra. Facebooksíða var sett á laggirnar haustið 2013 til að efla upplýsingastreymið enn frekar. Einnig er upplýsingastreymi til foreldra í daglegum samskiptum í byrjun og lok dags.

Skólaárið byrjar með aðlögun og á þeim tíma er grunnur lagður að foreldrasamstarfi þar sem jákvæð og opin samskipti eru höfð að leiðarljósi. Haldið verður áfram með þátttökuaðlögun, sem hefur verið í þróun hjá okkur síðustu þrjú skólaár. Þátttökuaðlögunin byggist á þeirri hugmynd að börnin og foreldrarnir séu að læra að vera í leikskólanum, náí að kynnast honum saman, en ekki á að börnin séu að venjast því að vera aðskilin foreldrum sínum. Jafnframt að tími gefist fyrir leikskólakennara að kynnast barninu sem hluta af fjölskyldu og sem hluta af stærri barnahóp. Framkvæmdin er á þá vegu að foreldrar eru með börnum sínum allan daginn í leikskólanum í þrjá daga og taka fullan þátt í starfseminni á meðan. Markmiðið er að skapa trúnað og traust á milli foreldra og starfsfólks sem sé grundvöllur fyrir áframhaldandi foreldrasamstarfi. Ef vel tekst til við upphaf leikskólagöngu og foreldrar og kennarar ná að kynnast er talið líklegt að þegar á reynir sé fólk saman í lið með hagsmuni barna að leiðarljósi. Upplýsingar til foreldra með annað tungumál en íslensku er komið á framfæri með aðstoð túlka ef á þarf að halda.

Foreldraráð/foreldrafélag (fjöldi fulltrúa, hvenær er kosið, framkvæmd starfsins).

- **Foreldrafundir (dagsetningar, fyrirkomulag).**

Almennur foreldrafundur/kynning er í október ár hvert. Þá er starfið kynnt fyrir næsta skólaár ásamt hagnýtum upplýsingum og í upphafi skólagöngu fá foreldrar afhenta foreldrahandbók þar sem ýmsar hagnýttar upplýsingar koma fram.

- **Foreldraviðtöl (fyrirkomulag, tímabil).**

Foreldraviðtöl eru í lok febrúar og byrjun mars 2016. Deildarstjóri sér um þessi viðtöl. Fyrir viðtalið fer fram skráning á deild barnsins og í salnum okkar. Í þessum viðtölum gefst tækifæri fyrir foreldrana og kennara að fylgjast með þroska og ánægju barnsins í leikskólanum. Eins geta foreldrar alltaf fengið viðtal við deildarstjóra og/eða leikskólastjóra þegar þeim hentar fyrir utan boðaðan foreldrafund.

- **Foreldrafélag.**

Foreldraráð og foreldrafélag er sameiginlegt við leikskólann. Kosið er í foreldraráð/foreldrafélag einu sinni á ári í september/október ár hvert. Kjörnir eru tveir fulltrúar af hverri deild, samtals átta fulltrúar. Foreldraráð/foreldrafélagið fundar annan hvern mánuð á skólaárinu.

5.3 stefnukort leikskólans Leikgarðs

Á stefnukorti leikskólans kemur m.a. fram þjónusta, fjármál, starfshættir og mannaúður.

➤ **Þjónusta**

Hvernig veitum við börnum og foreldrum sem besta þjónustu í skólastarfinu? Það gerum við með því að foreldrar treysti því að barn þeirra sé í traustu og öruggu umhverfi þar sem sýnd er hlýja og virðing. Að velja efnivið sem er skapandi og nemendur fái viðfangsefni sem hæfir þroska þeirra og getu. Að börnunum líði vel, mæti glöð og fari sáttir heim í lok dags.

➤ **Fjármál**

Hvernig tryggjum við ábyrga og gegnsæja nýtingu fjármagns? Það er skýr forgangsröðun. Með því að meta fjárförf einstakra liða í rekstri leikskólans út frá stefnu hans og forgangsraða þeim. Með góðri nýtingu fjármuna, það gerum við með því að skoða verð og kostnað hverju sinni og sýna hagkvæmni í innkaupum og fara vel með það sem til er.


➤ **Starfshættir**

Hvernig stuðlum við að metnaðarfullum og árangursríkum starfsháttum leikskólastarfsins? Það getum við gert með því að sýnileg tengsl séu á milli skólanámskrár, skipulags og starfshátta. Endurskoða og þróa námskrá leikskólans með reglubundnum hætti. Einnig að tryggja að upplýsingar komist til þeirra er við á hverju sinni með því að nota fjölbreyttar aðferðir við upplýsingamiðlun. Starfshættir séu fjölbreyttir og taki mið af ólíkum þörfum nemenda.

➤ **Mannaúður**

Hvernig stuðlum við að samstarfi, starfsþróun og að starfsmenn séu ánægðir í starfi og líði vel? Það getum við gert með því að starfshópurinn komi að umræðum um skipulag og mótun starfs og allir taki þátt og leggi sitt af mörkum. Að nýta mannaúðinn þar sem hann er sterkastur og vinna að símenntunaráætlun út frá stefnu og mati á skólastarfi og hvetja starfsfólk til endurmenntunar.

Stefnukort Leikgarðs



5.4 Almennar upplýsingar

- **Skipulagsdagar (dagsetningar og upplýsingar um hvaða skipulagsdagar eru á sama tíma og starfsdagar starfsfólks og frídagar nemenda í grunnskólum).**

Skipulagsdagar leikskólans Leikgarðs eru sex (6) á skólaárinu 2015 – 2016. Skipulagsdagarnir eru þann 11. september, 30. október, 04. janúar, 19. febrúar og 23. mars og 20. apríl. Skipulagsdagur í mars 2016 gæti færst á aðra dagsetningu.

Leikgarður er ekki með neina starfsdaga um leið og grunnskólar.

Engir starfsdagar eru á sama tíma og frídagar nemenda í grunnskólum.

6. Fylgiskjöl

6.1 Jafnréttisáætlun leikskólans

6.2 Leikskóladagatal

6.3 Áætlun um framkvæmd læsisstefnu leikskólans. Læsisstefna leikskólans leiksgarðs

6.4 Fylgirit um umbótaráætlun 2015 - 2016

6.5 Umsögn foreldraráðs 2015 – 2016 (vætanlegt í byrjun nóvembermánaðar)

Reykjavík, 14. Október 2015.

F. h. leikskólans Leikgarðs

María Petrína Berg

Leikskólastjóri